

Fróðleiksmolar Ferðalög

Ferðalög eru góð fyrir sálina og að mörgu leiti geta þau einnig verið góð fyrir umhverfið. Ferðalög hafa til dæmis stuðlað að aukinni þekkingu okkar á náttúru og mannlífi annarra landa sem fær okkur frekar til þess að veita því gaum og styðja það sem fer hnignandi. En því miður hafa ferðalög okkar allra oftar en ekki neikvæð áhrif á náttúru og menningu og stuðla að hinu sívaxandi kolefnisfótspori okkar. Fjöldi ferðamanna veldur of miklum ágangi á viðkvæma náttúru sem komin er að þolmörkum, sum minni samfélög ráða ekki við þennan mikla fjölda ferðamanna eins og raunin er orðin og hafa enga innviði til að sinna þeim. Vaxandi flugsamgöngur og umferð skemmtiferðaskipa eykur útblástur koltvísýrings í andrúmsloftinu.

Gott er að hafa í huga að það eru margar leiðir til þess að draga úr umhverfisáhrifum sínum á ferðalögum. Hér eru nokkrar hugmyndir fyrir þig, þú velur svo úr það sem hentar þér best.

- 1) **Margnota flöskur og áhöld:** Rúmlega milljón plastflöskur eru seldar á hverri mínútu í heiminum og meirihlutinn er ferskvatn. Á mörgum svæðum er óhætt að drekka vatnið úr krananum þó að okkur finnist bragðið kannski skrítið. Taktu með þér margnota vatnsflöskur í ferðalagið og fylltu á þegar þú getur. Ef kaupa þarf vatnið er best að kaupa 5 lítra dunka og fylla á eigin flöskur. Það er líka gott að venja sig á að hafa margnota hnífaparasett, eins og útilegusettt sem seld eru í útivistar búðum, í töskunni sinni á ferðalögum. Það dregur úr notkun á einnota hnífapörum og á matarmörkuðum erlendis er öruggast að vera bara með eigin áhöld til að draga úr smithættu.
- 2) **Lestarsamgöngur:** Ferðastu eins mikið og þú getur með lest eða rútu. Dragðu úr stuttum flugferðum og fljúgðu án millilendingar ef þú getur.
- 3) **Bílaleiga:** Ef þú leigir bíl, hafðu það þá rafmagnsbíl eða tvinnbíl.
- 4) **Versla við heimamenn:** Þetta þýðir að þú eigir að beina viðskiptum þínum frekar við litlar sérverslanir sem reknar eru af heimamönnum, heldur en stórar keðjur sem finnast í öllum borgum. Heimamenn hagnast nefnilega ekki á þeim.
- 5) **Minjagripir:** Kauptu handgerða listmuni af heimamönnum frekar en fjöldaframleidda minjagripir, sem eru flestir framleiddir í Kína.
- 6) **Flokka ruslið:** Ef þú sérð flokkunartunnur, nýttu þér þær. Athugaðu hvort að hótelið bjóði upp á flokkun. Þú ert líklega með umbúðir utanum vörur sem þú hefur verslað eða umbúðir utanum snarl og annað nesti sem þú þarft að losa þig við.
- 7) **Gistingin:** Bókaðu dvöl þína á umhverfisvænu hóteli, hóteli sem er vottað með alþjóðlegu umhverfismerki.
- 8) **Halda sig innan marka:** Til að minnka álag á náttúru, haltu þig þá innan stíga eða annarra merkinga og vertu allar takmarkanir og reglur sem settar eru af þarlandum yfirvöldum. Kynntu þér reglur áður en þú heldur af stað, til dæmis í þjóðgörðum og opnum svæðum. Hvar má keyra, hvar má tjalda, hvar má ganga?

- 9) **Spara orku og vatn:** Þú getur helst sparað orku og vatn á gististöðum. Slökktu ljósin í þeim herbergjum sem þú ert ekki að nota, t.d. baðherberginu. Ekki hafa sjónvarpið í gangi allan daginn ef þú ert ekki að horfa og taktu alltaf hleðslutæki úr innstungunni þegar það er ekki í notkun. Skrúfaðu fyrir vatnið á meðan þú burstar tennurnar og löðrar sjampó í hárið. Farðu í snögga sturtu, erlendis er vatn oft af skörnum skammti og ekki hægt að vera 20 mínútur í sturtu eins og í lúxusnum á Íslandi.
- 10) **Draga úr plasti:** Reyndu að draga úr óþarfa plastnotkun. Hafðu með þér venjulegt sáputykki og jafnvel einnig sjampóstykki, eða ferðastu með eigið sjampó í litlum flöskum og slepptu því að opna og nota það er í boði á hótelnunum. Sama með plastglös, ef hótelið er með plastglös við vaskinn, notaðu þá frekar eigin margnota flösku og slepptu því að nota plastglösin því þeim er hent eftir hvern dag og nýtt glas sett á vaskinn. Það er ekki víst að hótelið flokki plastið frá öðrum úrgangi.
- 11) **Fjölnota:** Hafðu með þér eigin margnota poka, jafnvel tvo ef þeir fara vel í veski. Notaðu þá í öllum þínum verslunarleiðöngrum.
- 12) **Ganga og skoða:** Skoðaðu borgir gangandi, á hjóli eða rafhlaupahjóli, í strætó eða sporvagni. Forðastu að taka leigubíla eða ferðast með smárútum innanbæjar.
- 13) **Handklæðanotkun:** Ef hótelið er með þá stefnu að taka einungis handklæði sem liggja á gólfinu til að þvo, nýttu þér það og hengdu upp handklæðin til þess að nota aftur. Það er óþarfi að þvo handklæði eftir hverja notkun og það fer of mikil orka og þvottaefni í þann þvott.
- 14) **Sólarvörn:** Veldu umhverfisvæna sólarvörn. Innihaldsefni í sólarvörnum safnast upp í hafinu og eru farin að hafa óæskileg áhrif á sjávarlífverur.
- 15) **Rusl:** Að sjálfsögðu skilur þú ekki rusl eftir þig á ströndinni, á götunni eða á öðrum almenningssvæðum. Gott ráð er að hafa lítinn fjölnota ruslapoka (úr PUL efni) eða bréfpoka í töskunni þinni, til dæmis fyrir matarumbúðir og hýði/kjarna af ávöxtum ef þú sérð ekki ruslafötu í næsta nágrenni.
- 16) **Annað** sem þú getur gert er að styrkja umhverfisvernd á staðnum, til dæmis með því að setja pening í trjárækt eða strandhreinsun; læra nokkur orð í tungumáli landsins sem þú heimsækir og hafa þannig jákvæð samskipti við heimamenn; kolefnisjafna ferðir þínar; vinna í sjálfböðavinnu við umhverfisvernd á staðnum og fleira og fleira. Kannski ert þú með fleiri hugmyndir.